



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 9. apríl 2008

Tilvísun: UST20080300089/tb


Alþingi - Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, heræfingar

Vísað er í bréf frá Umhverfisnefnd Alþingis, dags. 13. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, 435. mál, staðarval heræfinga. Lagt er til að við 12. lið 2. viðauka við lögin bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Heræfingar, þar með talið lágflugsæfingar, utan varnar- og öryggissvæða. En 2. viðauki fjallar um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum.

Heræfingar geta haft í för með sér neikvæð umhverfisáhrif. Áhrif ýmissa framkvæmda sem falla undir 2. viðauka, s.s. akstursípróttabrautir og tómsundur og ferðalög, svipar til áhrifa sem verða við heræfingar, hávaði, mengun og hugsanlega jarðrask. Einnig má benda á að gerður er greinarmunur í lögum um mat á umhverfisáhrifum, 3. viðauka, hvort framkvæmd er innan eða utan verndarsvæða. Almennt má segja að heræfingar eru ekki varanlegar framkvæmdir. Það er hins vegar mat Umhverfisstofnunar að vel megi skoða hvort heræfingar eigi ekki heima í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum þegar átt er við varanleg heræfingarsvæði og ef fyrirhugaðar æfingar eru innan verndarsvæða.

Virðingarfyllt


Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri


Trausti Baldursson